


Íslensk menningarveisla í Brussel 27. febrúar til 8. júní 2008

Íslensk menningarhátíð hefst 26. febrúar í [BOZAR](#) – lista- og menningarmiðstöð í Brussel og stendur fram undir miðjan júní. Menningarhátíðin ber heitið „Iceland on the Edge“ sem vísar m.a. til margbreytileikans í íslensku listalífi og sambættingar listforma. Á hátíðinni er lögð áhersla á yngri kynslóð listamanna og reynt að miðla gróskunni og kraftinum sem ríkir í íslensku listalífi í dag, en einnig er menningararfinum haldið til haga. Alls munu á annað hundrað íslenskir listamenn koma fram á hátíðinni.



Listrænn stjórnandi BOZAR, Paul Dujardin, hefur að mestu valið íslensku listviðburðina í samráði og samstarfi við [menntamálaráðuneyti](#), [utanríkisráðuneyti](#), [Reykjavíkurborg](#), íslenskar lista- og menningarstofnanir og ýmsa listamenn.

[Dagskrá](#) hátíðarinnar er eftirfarandi:

- 15.2. Popptónleikar – *Iceland Airwaves*
- 26.2. Opunarhátíð, tónlistarhópurinn Hjaltalín leikur
- 26.2. – 25.4. Sýning á íslenskri samtímalist, *Dreams of the Sublime and*

Nowhere in Icelandic Contemporary Art, með verkum 15 framsækinnna íslenskra listamanna. Mörg verkanna eru ný og unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Sýningin verður á Listahátíð í vor.

- 26.2. – 27.4. Sýning á fossaverkefni Rúríar *Water Vocal – Endangered II*
- 26.2. – 27.4. Sýning á verkum eftir Kjarval, Kristján Davíðsson og Georg Guðna, *Magicians of Nature – Three generations of Icelandic Painters*
- 27.2. Bókmenntakvöld, *Halldór Laxness og íslensk klassik á nýrri öld* og sýning á kvikmyndinni *101 Reykjavík*
- 28.2. Sýning á kvikmyndunum *Mýrin* og *Hafið*
- 29.2. og 1.3. Sýningar á *Pétri Gaut* í flutningi Þjóðleikhússins
- 8.3. Popptónleikar – *Iceland Airwaves*
- 14.3. Danssýning Ernu Ómarsdóttur o.fl. *Mysteries of Love*
- 30.3. Tónleikar Elfu Rúnar Kristinsdóttur, fiðla, og Francesco Corti, semball
- 7.4. Danssýning Íslenska dansflokksins, *Open Source* og *Happy New Year*
- 11.4. – 15.6. Sýning á íslenskum drykkjarhornum frá Þjóðminjasafni Íslands
- 16.4. – 15.6. Sýning á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu
- 30.4. Bókmennta- og tónlistardagskrá, *BadTaste4ever*, með þátttöku ungra skálda, tónlistar- og myndlistarfólks
- 26.5. – 31.5. Kvikmyndahátíð
- 8.6. Tónleikar Guðrúnar Jóhónnu Ólafsdóttur, mezzosópran, og Víkinga Heiðars Ólafssonar, píanó

Jafnréttismánuður í menntamálaráðuneyti

Jafnréttismál eru í brennidepli í [menntamálaráðuneyti](#) í ferbrúarmánuði sem nefndur hefur verið *jafnréttismánuður 2008*. Markmiðið er að vekja jákvæða athygli á jafnréttismræðu í dag og varpa ljósi á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu.

Sérhvert miðvikudagshádegi safnast starfsfólk ráðuneytisins saman til að taka þátt í spennandi umræðu um jafnréttismál. Í fyrstu vikunni var launajafnrétti tekið fyrir. Í annarri viku var rætt um áhrif feðraorlofs á jafnrétti kynja og þróun jafnréttismræðunnar í fræðilegu ljósi. Í þriðju viku var farið í gönguferð um miðbæ Reykjavíkur undir yfirskriftinni: *Leitin að jafnrétti*. Fjórða og síðasta miðvikudaginn fjölmennir starfsfólk menntamálaráðuneytis ásamt boðsgestum úr öðrum ráðuneytum í [Þjóðleikhúsið](#) þar sem rætt verður um birtingarform jafnréttis í leiklist og leikhússtarfi.



Leitin að jafnrétti: Starfsfólk menntamálaráðuneytis ásamt Kristínu Ástgeirsdóttur framkvæmdastýru Jafnréttisstofu við Brietarbrekku

Fróðleiksmolum sem örva umræðuna er komið á framfæri og starfsfólk ráðuneytisins hvatt til að ræða saman um jafnréttismál í

föstudagskaffitímum.

Jafnréttisnefnd menntamálaráðuneytis stendur fyrir jafnréttismánuðinum með góðum stuðningi ráðherra og ráðuneytissjóra. Starfsfólk tekur virkan þátt í atburðum og hefur meðal annars svarað eftirfarandi spurningum sem verða til umfjöllunar á líflegri lokaathöfn síðasta dag mánaðarins: Hvert er álit þitt á jafnréttisbaráttu dagsins í dag? Hver eiga að vera næstu skref í jafnréttisbaráttunni?

Tónlistarsjóður 2008 fyrri úthlutun

[Menntamálaráðherra](#), Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur að tillögu tónlistarráðs úthlutað styrkjum úr tónlistarsjóði fyrir fyrri helming þessa árs. [Tónlistarsjóði](#) bárust 126 umsóknir frá 116 aðilum í áttunda sinn sem auglýst var eftir umsóknum. Heildarfrjárhæð umsókna nam 137.895.264 kr. Veittir eru styrkir til 69 verkefna að heildarfrjárhæð 38.390.000 kr. Síðar á árinu verður auglýst aftur eftir umsóknum. Meðal þeirra sem hlutu styrki voru [Kammersveit Reykjavíkur](#), 5 millj. kr., [CAPUT](#), 4,5 millj. kr., [Stórsveit Reykjavíkur](#), 3 millj. kr., [Tónskáldafélag Íslands](#), vegna [Myrkra músiktdaga](#), 3 millj. kr., og [Félag íslenskra tónlistarmanna](#), vegna tónleika á landsbyggðinni, 1,5 millj. kr.

Nánari upplýsingar um úthlutun úr tónlistarsjóði er að finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Hvað er spunið í vef menntamálaráðuneytis?

Kynntar hafa verið niðurstöður úttektarinnar „[Hvað er spunið í opinbera vefi?](#)“ sem [Sjá](#) ehf vann fyrir [forsætisráðuneytið](#) og [Samband íslenskra sveitarfélaga](#). Markmið með úttektinni var að fá heildstætt yfirlit yfir þá þjónustu sem

er í boði á vefjum ríkis og sveitarfélaga en einnig að auka vitund opinberra aðila um það hvar þeir standa í samanburði við aðra og gefa betri hugmynd um möguleika og tækifæri sem felast í rafrænni þjónustu. Skoðaðir voru 262 vefir ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga.

Vefur [menntamálaráðuneytis](#) kom vel út úr þessari könnun samanborið við sambærilega könnun frá 2005. Við heildarmat á innihaldi, nytsemi, aðgengi og þjónustu á vef hækkaði [menntamálaráðuneyti.is](#) úr 68 í 89 af 100 mögulegum stigum sem var hæsta einkunn allra ráðuneyta. Liður í bættri rafrænni þjónustu menntamálaráðuneytis er [umsóknavefur](#) ráðuneytisins sem tekinn var í notkun haustið 2007. Þar er hægt að senda inn rafræn eyðublöð og fylgjast með málsmeðferðinni sem er að öllu leyti rafræn. Þegar eru til staða sjö eyðublöð en þjónustan er í stöðugri þróun og mun eyðublöðum fjölga jafnt og þétt.

Málþing um Olweusaráætlunina á Íslandi

Málþing um [Olweusaráætlunina](#) á Íslandi verður haldið föstudaginn 29. febrúar 2008 í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð. Á málþinginu verður leitast við að svara því hvornig Olweusaráætlunin hefur gjörbreytt skólalastarfi frá því árið 2002 þegar verkefnið var sett á lagginnar. Upplýsingar um [dagskrá](#) málþingsins eru á vef verkefnisins þar sem einnig er hægt að [skrá](#) þátttöku.

Olweusarverkefnið er samstarfsverkefni [menntamálaráðuneytis](#), [Kennarasambands Íslands](#), [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og [Heimilis og skóla](#) með stuðningi [Kennaraháskóla Íslands](#) og [Námsháskólunnar](#).

Í undirbúningi er úttekt á verkefni.

